(Another option could have been  $C_y = 0.75 \times (0.3U_{y-1} + \frac{U_y}{U_{trigger}} 0.7U_y)$ ). In addition, a 1.25/0.8 stabiliser was added that was only active when  $U_y > U_{trigger}$ .

The results (figure 3) show that the minimum spawning stock according to the HCR is somewhat higher than historical minimum while the historical spawning stock is higher in some years.

The rule without  $B_{trigger}$  would be less precautionary and the combination of no  $B_{trigger}$  and catch stabiliser would eliminate the spawning stock in 1991.



Another measure that could be looked at is the fifth percentile of the spawning stock (figure 4) that is always above  $B_{lim}$  in the precautionary rules.

.




Figure 4: Fifth percentile of spawning stock, the thin red line shows the median average value

Continued work.

1. Compile indices corrected for diurnal variations like in redfish. Should give similar result as the correction done here.
2. Look at the diurnal variations by area and even with time since the survey started.
3. Do comparison of the SMB indices and CPUE, SMH, SMN and Mackerel survey.
4. Try to set up more of a population model where some spawning survival is assumed. Estimated autocorrelation of the SMB indices for lag 1 and 2 is around 0.4. Could be an indication that each cohort matures in 2-3 years, or some survival. And of course autocorrelation in yearclass strength can not be excluded. 3. Look at the spatial aspect of the fisheries.

## Annex 2. Icelandic translation of the basis of the advice and description of the advisory rule

### Grunnur ráðgjafar.

Hafrannsóknastofnun hefur gefið fiskveiðiráðgjöf síðustu 8 ár (2013-2020) fyrir hrognkelsi og notað til þess fast  $F_{proxy}$ . Á þessu tímabili hefur vísitala frá SMB haldist yfir sögulega lægsta gildi sem er frá árinu 2000. Því til viðbótar, á árunum 2008-2012 var  $F_{proxy}$  nálægt eða hærra en 0.75 (að meðaltali 0.95). Þegar síðustu ár eru skoðuð (2008-2020) þá má leiða að því líkur að veiðidánarstuðull ( $F_{proxy}$ ) upp á 0.75 leiði til sjálfbærar nýtingar stofnsins og fastur dánarstuðull sé viðeigandi fyrir stofninn. Þar sem ekki liggja fyrir neinar vísendingar um að stofninn þoli hærri fiskveiðidauða er mælt með því að ráðgjöf um afla verði áfram byggð á að  $F_{proxy}$  sé minna en 0.75. Hinsvegar verður ráðgjafarreglan að horfa til varúðarsjónarmiða líkt og ICES (2020) hefur mælt með. Ráðgjafarreglunni er því breytt með því að taka inn varúðarmörk þar sem draga skal úr fiskveiðidauða ef stofninn fer niður fyrir  $I_{trigger}$ .

$I_{trigger}$  er skilgreint sem  $1.4 * I_{lim}$  (ICES 2020) þar sem  $I_{lim} = 3859$  er sögulegt lágmark vísitölu úr SMB sem kom á árinu 2000. Ef vísitalan úr SMB er milli  $I_{lim}$  og  $I_{trigger}$  mun  $F_{proxy}$  sem stefnt er að verða lækkað með hlutfalli vísitölunnar og  $I_{trigger}$  þ.e.  $F_{proxy} = 0.75 \cdot \frac{I_y}{I_{trigger}}$ .

Ef  $I$  er minni en eða jafnt og  $I_{lim}$  verður sá hluti aflamarksins settur sem 0 (mynd 4)

Aflamark byggt á vísitölu fyrra árs ( $I_{y-1}$ ) er reiknað á sama hátt og vegur 30% í lokaráðgjöf á móti vísitölu á ráðgjafarárinu ( $I_y$ ), og reiknast þá ráðgjöfin á eftirfarandi hátt:

$$\text{Ráðgjöf}_y = (I_{y-1} \cdot a_1 \cdot 0.75 \cdot 0.3 \cdot b_1) + (I_y \cdot a_2 \cdot 0.75 \cdot 0.7 \cdot b_2)$$

$$a_1 = \min \left\{ 1, \frac{I_{y-1}}{I_{trigger}} \right\}$$

Varúðarmörk lífmassa, en veiðihlutfall er lækkað þegar  $I$  er minna en  $I_{trigger}$ .  $a_1$  og  $a_2$  eru settir sem 1 þegar

$$a_2 = \min \left\{ 1, \frac{I_y}{I_{trigger}} \right\}$$

$I_{y-1}$  og  $I_y$  eru yfir  $I_{trigger}$ . Þegar  $I_{y-1}$  og/eða  $I_y$  eru minni en  $I_{trigger}$ , eru  $a_1$  og/eða  $a_2$  is settir sem  $\frac{I}{I_{trigger}}$ .


$$b_1 = \begin{cases} 0 & I_{y-1} \leq I_{lim} \\ 1 & I_{y-1} > I_{lim} \end{cases}$$

Ráðstafanir til að setja  $F_{proxy}$  sem 0 í árum þegar  $I$  er jafnt og eða minni en  $I_{lim}$ . Ef  $I_{y-1}$  eða  $I_y$  er jafn eða minni en  $I_{lim}$ , er enginn afli ráðlagður úr þeim hluta af útreikningum á ráðlögðum afla.

$$b_2 = \begin{cases} 0 & I_y \leq I_{lim} \\ 1 & I_y > I_{lim} \end{cases}$$

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Ráðgjafarregla <i>Management plan</i>	Afli í samræmi við veiðar með vísitölu veiðihlutfalls, $F_{proxy}=0.75$ . Ef SMB vísitala grásleppu ( $I_y$ ) er á milli $I_{lim}$ og $I_{trigger}$ lækkar veiðihlutfall sem stefnt er að í samræmi við eftirfarandi jöfnu: $F_{proxy} = 0.75 \cdot \frac{I_y}{I_{trigger}}$ . Ef grásleppuvísitala SMB fer undir lægsta gildi stofnmælingarinnar ( $I_{lim}$ ) verður sá hluti aflamarks sem byggir á því ári settur sem núll.  <i>Catch in accordance with fishing at <math>F_{proxy}</math> of 0.75. If the female biomass index (<math>I</math>) falls below <math>I_{trigger}</math> then the <math>F_{proxy}</math> used will decrease in proportion to the magnitude in which the biomass index is between <math>I_{trigger}</math> and <math>I_{lim}</math> i.e. <math>F_{proxy} = 0.75 \cdot \frac{I_y}{I_{trigger}}</math>. If the biomass index is equal to or falls below <math>I_{lim}</math>, then that year will represent a value of zero in the calculation of TAC.</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Commercial catch and survey (IS-SMB) biomass indices</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>	Heimild <i>Source</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Markgildi $F_{proxy}$	0.75	Notað 2014-2020 <i>Applied 2014-2020</i>	MFRI 2021
	Target $F_{proxy}$			
	$I_{lim}$	3859	Lægsta sögulega gildi. <i>Historical minimum</i>	(ICES 2020)
	$I_{trigger}$	5403	$I_{lim} \times 1.4$	(ICES 2020)



Mynd 4.  $F_{proxy}$  á móti lífmassavísitölu úr SMB. Punktarnir sýna lífmassavísitölu og  $F_{proxy}$  frá fyrri árum.

### Heimildir

ICES (2012) ICES Implementation of Advice for Data- limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice ICES ADVISORY COMMITTEE.

ICES (2020) Tenth Workshop on the Development of Quantitative Assessment Methodologies based on LIFE-history traits, exploitation characteristics, and other relevant parameters for data-limited stocks (WKLIFE X). ICES Scientific Reports. 2:98. 72 pp. <http://doi.org/10.17895/ices.pub.5985>

Kennedy, J. & Jónsson, S. Þ. (2017) Do biomass indices from Icelandic groundfish surveys reflect changes in the population of female lumpfish (*Cyclopterus lumpus*)? Fisheries Research 194, 22-30

Kennedy, J. & Jónsson, S. Þ. (2020) Converting number of barrels of lumpfish roe to ungutted landings based on logbook data Haf- og vatnarannsóknir, 2020-33

Kennedy, J.; Jónsson, S. Þ.; Kasper, J. M. & Ólafsson, H. G. (2015) Movements of female lumpfish (*Cyclopterus lumpus*) around Iceland. ICES Journal of Marine Science, 72, 880-889

## Annex 3. Minutes from two meetings, preparation meeting on 14 October and benchmark assessment meeting on 24 November.

### Samráðsfundur um stofnmat og aflareglu í grásleppu

Haldinn miðvikudaginn 14. október 2020, kl 9:00–12:00, á Hafrannsóknastofnun í Fornubúðum 5, fundarsal 1. hæð og sem fjarfundur á Microsoft Teams.

#### Mættir (eftir því sem næst verður komist)

Greinin: Axel Helgason (AH), Örn Pálsson (ÖP), Eiríkur Vigfússon, Jón Helgason og félagar, Ragnar Helgi Ragnarsson, Gunnar Þórðarson

Hafró: James Kennedy (JK), Guðmundur J. Óskarsson (GJÓ), Guðmundur Þórðarson (GP), Bjarki Þ. Elvarsson (BPE), Höskuldur Björnsson (HB), Sigurður Þór Jónsson (SPJ)

Iceland Sustainable Fisheries: Kristinn Hjálmarsson

Matís: Jónas R. Viðarsson (JRV)

ANR: Þorsteinn Sigurðsson (PS), Guðmundur Jóhannesson

Upphafsstafir aftan við nöfn þeirra sem tóku til máls á fundinum verða notaðir til skammstöfunar í texta hér að neðan. JK, AH, GJÓ og SPJ mættu í fundarsal í Fornubúðum, aðrir tóku þátt yfir Teams. Fundurinn var tekinn upp eins og tekið var fram í upphafi fundar. GJÓ stýrði fundi og SPJ var fundarritari.

#### Fundurinn

Fundurinn fór fram að mestu samkvæmt dagskrá þó að tímsetningar og titlar erinda hafi ekki staðist nákvæmlega.

#### Undirbúningsfundur fyrir rýnifund um stofnmat og veiðiráðgjöf fyrir hrognkelsi

GJÓ kynnti þátttakendur, dagskrá og fór lauslega yfir aðdraganda fundarins. Í tengslum við breytingu á viðmiðunargildi vísitölu veiðihlutfalls (Fproxy) sem Hafró réðst í á vordögum benti AH á ósamræmi á milli stuðla sem Hafró notar til að áætla aflamagn sem þarf til að fylla tunnu af hrognum og gagna úr vinnslum sem verkendur hafa sýnt stofnuninni. Misræmið var að hluta til leiðrétt í vor og fyrri ráðgjöf endurskoðuð í júní 2020, samhliða því að Hafró boðaði rýni á stofnmati og ráðgjöf um grásleppuveiðar. Tímaætlun fyrirhugaðrar rýnivinnukynnt og farið yfir tilgang fundarins, þ.e.:

- upplýsa um stofnmat Hafró og ráðgjafarreglukosti
- veita tækifæri á að koma á framfæri upplýsingum og niðurstöðum
- skiptast á upplýsingum og skoðunum
- undirbúa rýnifundi Hafró um stofnmat og veiðiráðgjöf

#### Lumpfish — How it is currently assessed

JK gerði grein fyrir gögnum sem eru notuð í ráðgjöfinni, lýsti löndum, upplýsingumí veiðidagbókum og frá Fiskistofu um leyfi, sýndi m.a. myndir af þróun legutíma neta, sóknar og þess háttar. Fjallaði um dreifingu veiðanna í tíma, afla á sóknareiningu, rallvísitölu og vísitölu veiðihlutfalls sem notuð er í ráðgjafarreglu.

Rifjaði upp að oft er spurt 'af hverju eru notuð gögn um grásleppu úr vorralli (SMB) við stofnmat og veiðiráðgjöf grásleppu', og svaraði henni að nokkru leyti að minnsta kosti með því að sýna dreifingu grásleppu í SMB í rúmi og tíma og vísbendingar úr merkinga- og mælimerkjaniðurstöðum um far grásleppunnar af SMB-slóðum inn til hrygningar. Auk þess setti JK fram samband SMB-vísitölu og afla á sóknareiningu með sókn (bátafjöldi á hverri vertíð) sem viðbótar skýribreytu.

Farið var yfir ráðgjafarreglu sem notuð hefur verið frá 2012 og lýst hvernig hún virkar, jöfnun með fyrra ári, og hvernig eiginfylgni vegna áhrifa árgangastyrks gæti haft áhrif. Lýsti tímalínu breytinga á stuðlum til að áætla löndunartölur útfrá tölum um tunnufjölda, greiningu veiðidagbóka til að meta hrognamagn í tunnu, og sýndi dæmi um hrognafyllingu og breytileika í henni útfrá sýnatöku Hafró. JK gerði í lokin grein fyrir mistökum sem gerð voru í fyrri greiningu og leiðréttingu þeirra, og lækkan á hrognafyllingu úr 30.5% í 29.4% í nýrri greiningu og útreikningum í endurskoðun ráðgjafar í júní 2020.

### **Stuttar umræður**

Að lokinni framsögu JK tók AH til máls. Benti á að 1980 til 2007 hefði ekki verið nein opinber vigtun á landaðri grásleppu, engin krafa um rétta afladagbók, en það var skilaskylda til að fá framlengingu veiðileyfis. Nauðsynlegt að hafa í huga þegar gögnin eru notuð.

### **Rannsóknin í Stykkishólmi**

AH gerði stuttlega grein fyrir rannsókn sem gerð var í sumar í samstarfi AH, vinnslu í Stykkishólmi, Matís og Hafró og aðdragenda hennar. Ekki margar tölur að fara yfir.

Gagnrýndi í upphafi að Hafró hefði dregið að skoða málið og að kostnaður rannsóknarinnar hefði ekki verið dekkjaður af Hafró og/eða ráðuneyti. Lagði áherslu á mikilvægi málsins og benti á að haldnir hefðu verið 4 fundir í atvinnuveganefnd og með sjómönnum í Stykkishólmi. Ræddi kostnaðinn við rannsóknina, en hann var 1.5 milljón króna, 3 bátar báru hann. Setti í samhengi við að verðmæti 600 t afla sem bættist við eftir endurskoðun samsvara um 410 milljónum króna mv forsendur AH.

Að rannsókninni, heimild fékkst frá ráðuneyti til að veiða 14 tonn til viðbótar við aðrar heimildir, en veiðin endaði í 16.4 tonnum. Niðurstaðan úr rannsókninni var sú að 553 kg af óslægðri grásleppu þyrfti til að fylla 105 kg tunnu af söltuðum hrognum. Samanburður á 'nýrri og gamalli' aðferð skilaði ekki niðurstöðu, aðferðir og búnaður í vinnslum hafa lítið breyst. Frekari gagnrýni á málflytning Hafró í vor. Þakkar til þátttakenda annarra en Hafró.

### **Stuttar umræður að lokinni framsögu AH**

GJÓ svaraði hluta gagnrýni AH en lagði til að við dveldum ekki við þetta.

HB nefndi vottun ráðgjafarreglu hrognkelsa, hvar kemur óvissan inni reglurnar t.d. hjá ICES. Nefndi að gæta þess að útiloka ekki gögn sem gætu verið nýtileg þó á þeim séu e.t.v. vankantar.

Umræður um aflareglur og virkni þeirra og samspil við veiðarnar, vött og breytt með innleggjum GJÓ, AH, HB og GP.

GP lagði áherslu að hugmyndin með aflareglum væri að breyta þeim helst sjaldan, grásleppureglan væri óhefðbundin, athuga forsendur hennar og etv mætti etv breyta reglunni eða finna nýja.

GJÓ benti á að reynslan af reglunni væri ágæt, AH og GJÓ ræddu að mögulega hefðu verið mistök að breyta reglunni í vor 'til að halda samræmi'.

HB svarar AH um áhrif breytts viðmiðunartímabils, skerpir á því að það er ekki venja að hafa það síbreytilegt, heldur fast eins og GP benti á, og nefndi óvissu um hrygningardauða, loðnu og ráðgjöf í henni á yfirstandandi vertíð og fleira.

AH heldur áfram umræðunni, nefnir inntak í ráðgjöf úr ralli og etv afla á sóknareiningu, hefur áhyggjur af óveðursárum fyrir norðan og nefnir vandann sem fylgir því að fá ráðgjöf þegar vertíð er hafin, óháð því hvernig veiðunum verður stýrt. JK nefnir að frá upphafi ráðgjafarreglu höfum við ávallt gefið ráðin 'in-season'.

GP spurði hve oft hefur upphafsdagafjöldi verið takmarkandi, AH svaraði almennt án þess að gefa upp tiltekinn árafjöld, sumsé að þetta geri mönnum erfitt fyrir við að skipuleggja sig.

ÖP um stjórnun veiðanna og dagakerfi. Hefur dugað, mv upphaf 20. Mars og 1. apríl ráðgjöf. Nefndi ennfremur solumál, innlegg um þorskveiði í kófinu,

útreikninga og annað slíkt, menn að hafa samband og nefna að afli hafi verið vanreiknaður hjá þeim, dæmi frá Raufarhöfn. Jákvætt að ráðast í Stykkishólmostilraunina, þakkaði AH fyrir að vekja máls á mismræminuq og fyrir góða umræðu.

AH fór í stuttu máli yfir sjónarmið sjómanna um vægi markaðsmála við stjórnun grásleppuveiða, nefndi flytning heimilda á milli ára.

SPJ nefndi í framhaldi af umræðu um markaðsmál frétt frá Grænlandi þar sem flytning heimilda á milli ára bar á góma. Það atriði rætt stuttlega. GJÓ og JK fóru yfir hvað rallið væri að mæla, og yfir vogtölur fyrra og núverandi SMB í ráðgjafarreglu. AH brást við með því að bera saman við kerfi í botnfiskum, HB

og PS brugðust við og skýrðu undantekningaratriði um flytning loðnuheimilda á milli ára. AH lagði áherslu á að þetta atriði þyrfti að ræða ef farið yrði í

aflamark.

### **Kaffi 10:20-10:35**

Umræðu sem komin var af frestað þar til eftir seinni kynningu JK og tekið korters kaffihlé.

### **Lumpfish**

JK byrjaði seinna erindi sitt á að sýna þau meðaltöl um magn af óslægðri grásleppu sem borist hafa stofnuninni, tölverður breytileiki í þeim, milli framleiðenda og á milli ára. Sýndi með skýrum hætti áhrif mismunandi forsendna um magn í tunnu á tímaröð landa og vísitölu veiðihlutfalls ( $F_{\text{proxy}}$ ). Nefndi einnig óvissu um áreiðanleika gagnanna og breytileika í magni í tunnu. Erfitt að setja eina tölu sem er 'rétt' og má setja spurningamerki við það hvort rétt sé að veita ráðgjöf byggða á löndunum 1985-2007 með þessum hætti.

Því næst var farið yfir ráðgjöf með mismunandi aflareglum byggða á SMB-vísitölu grásleppu, þ.e. núverandi ráðgjafarreglu, ICES '2 over 3' reglur og 'mean advice' tillögu frá LS. Miðað við fasta vísitölu til grundvallar eru ráð samkvæmt sumum reglnanna háðar upphafspunkti, svo ekki sé minnst á hugsanlegar afleiðingar af því að veiða skv þeim. JK kynnti auk þess afbrigði, byggt á Grænlenskri fyrirmynd, þar sem  $F_{\text{proxy}}$  er kvikt og látið breytast með þróun veiðanna byggt á algrími / decision tree sem má stilla með ýmsum hætti.

Aðrar vísitölur voru einnig sýndar, vísitala lífmassa í netralli sýnd með SMBvísitölu, svipaðar breytingar en ekki alveg. Netralli að auki ekki lokið fyrr en síðari hluta apríl. Óskað eftir breytingum vegna jákvæðra vísbindinga úr netralli, en ekki komið með aðvaranir þegar netarallið var lágt?

Sýndar voru dreifingarmyndir úr uppsjávarvistkerfisleiðangri að sumarlagi eða makríltúrnum, rætt um mörk á milli stofnhluta íslenskra og norskra hrognkelsa, og nefnt að auk þess er lífssagan ekki nógu vel þekkt, þ.e. hve lengi hrognkelsin dvelja á úthafinu. Auk þessa sýndar niðurstöður úr merkingum í þessum leiðangri.

### Umræður að loknu síðara erindi JK

Að loknu erindi JK opnaði GJÓ fyrir umræður t.d. um hvaða reglur væri hægt að nota við veiðiráðgjöf grásleppu. AH hefði viljað sjá útfærða síðustu tillögu JK í samanburði við núverandi ráðgjöf. Nefndi áhyggjur af handstýrðum afla og varúðarnálgun.

GP nefndi að ekki væri nóg að máta reglur við feril vísitölnunnar, nauðsynlegt væri að herma reglur með viðbrögðum stofns og/eða stofnvísitölu við veiðum með mismunandi ráðgjafarreglum. ICES reglan hafi verið prófuð með þessum en hvorki ráðgjafarreglan né tillaga JK.

Við tóku umræður vitt og breytt um hermanir, lifun hrognkelsa, merkingar með samanburði við makrílmerkingar, endurheimtuhlutföll og túlkun þeirra, göt í kamb og breytileika í svipgerð hans, dæmi um að hryngdar grásleppur fáist í úthafinu á sumrin og í haustralli, hlutfall stórrar grásleppu í ralli, sókn í stóra grásleppu, stofngerð, 'homing' með þáttöku AH, HB, BPE, SPJ, GJÓ, GP og ÖP.

### Almenn umræða

GJÓ setur skil í umræðuna og býður upp á almenna umræðu vítt og breitt.

JRV vekur athygli á miklum mun á mati úr veiðidagbókum og upplýsingum frá greininni og úr Stykkishólmstilraun (en 455 kg/tunnu er miskilningur, Hafró notaði 472 kg/tunnu eftir leiðréttingu og endurreikningi í vor). Spyr hvort eigi að fara að endurskoða þetta eitthvað frekar.

GJÓ svarar, umræðan sem við erum að taka, mikil óvissa, ekki einfalt að endurskapa söguna, ein leið er að 'ignótera' þetta.

PS spurðist fyrir um framhald rannsókna á þessum þáttum, GJÓ og JK ræða óvissu og spurningamerki við að eyða meira púðri í að endurskapa söguna, Verkunaraðferð var einnig rædd lauslega. JK lýsir því hvernig tímasetning veiðanna getur haft áhrif á nýtingarhlutfallið.

GP lýsir þeirri skoðun að óþarfi sé að vinna meira í endurskapa söguna, tekur dæmi um veiðihlutfall í rækju. Ráðgjafarregla með veiðihlutfall uppá 0.75 getur etv talist eðlileg/nothæf. Ef á að endurskoða, nota kannski tímabil opinberra landana.

JRV svarar PS og segir að Matís hafi einhver áform að skoða betur nýtingu, gæði og fleiri þætti en óvissa er um fjármögnun.

AH þakkar JRV og vill nota 'raungögn', nefnir að greinin hafi yfir að ráða mun jafnari tölum en 'þeir' (á Hafró) nota, útflutningsskýrslur, gögn framleiðenda, skynjar að nú eigi að varpa fyrir róða því sem mátti ekki hrófla við í vor og taka eitthvað annað. Véfengir að sögulega geti hafa verið önnur hrognafylling eins og JK hélt fram.

SPJ áréttar það sem JK sagði að önnur dreifing veiðanna í tíma geti vissulega breytt nýtingunni eins og sýnin sem JK sýndi benda til. JK sýndi aftur myndin af hrognafyllingu eftir svæðum og mánuðum.

SPJ tekur undir með GP að eyða ekki miklu púðri í að endurskapa löndunarsöguna, vísitölur og stuðlar, nefnir slægingarstuðul í þorski uppá 0.84. HB styður það sjónarmið.

GJÓ nefnir breytileikann innan og milli ára og svæða, og ósk AH um að nota rauntölur, þá erum við kannski að tala bara um að nota löndunarsöguna yfir tímabil opinberra landana. Orðaskipti um útflutningstölur.

SPJ dregur fram að nefnd hafa verið ítarleg gögn frá framleiðendum, spurning hvort á að gera betur grein fyrir þeim. AH svarar og skýrir atriði við gögnin sem honum fannst hafa verið notuð til að véfengja þau, þ.e. að sumir bátar gætu hafa haft rangt við og ofísað.



ÖP um tölurnar og nákvæmni talna, telur hægt að komast nær 'sannleikanum', amk fyrir þann hluta sögunnar sem til eru góð gögn um, má kannski leita sátta um millileið. GJÓ svarar, óþægilega mikill munur, en veit ekki hvort málamiðlun er til bóta, beinir spurningunni til JK. JK telur að 0.75 hafi virkað (hefur verið í notað í 8 ár) nefnir að reglan hafi ekki verið prófuð, en að markmið ráðgjafarinnar hafi upphaflega verið að koma í veg fyrir óheftar veiðar. Stofninn virðist í lagi, en ráðgjöfin undanfarið hefur ekki verið takmarkandi fyrr en í ár. GJÓ bendir á að líði að hádegi, AH þakkar fyrir fund, en hefur áhyggjur af því tími ætlaður til rýnivinnu og samráðs sé knappur, GJÓ bregst við og lofar að reyna að flýta vinnuni, slítur því næst fundi.

### Niðurstöður og ályktanir

Fundurinn ályktaði ekki sérstaklega um neitt ákveðið, en fram kom fjöldi atriði sem þarf að gæta að:

- ef breytingar verða á veiðistjórnun þarf að huga vel að flutningi á heimildum á milli ára,
- rætt var að ráðgjafarregla með viðmiðunartölu vísitölu veiðihlutfalls uppá 0.75 hefði í raun gefist þokkalega og ætti e.t.v. að vera áfram í gildi,
- setja mætti fram  $F_{proxy}$  með viðmiðunartímabili þar sem aflasagan er betur þekkt (2008–2020), ennfremur
- setja skýrar fram hvaða reglur eru til skoðunar, hvernig skilgreindar og sem lágmark áður en hermanir byrja að máta þær við feril smb-vísitölu.

GJÓ tók jákvætt í málaleitan AH um að flýta rýnivinnuni, þannig að henni ljúki í lok þessa ár fremur en í upphafi þess næsta.

## Fundargerð rýnifundar (benchmark) um stofnmat og ráðgjafareglu fyrir hrognkelsi

Haldinn þriðjudaginn 24. nóvember 2020 á Teams

Þátttakendur (allir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar):

James Kennedy, Sigurður Þ. Jónsson, Höskuldur Björnsson og Guðmundur J. Óskarsson (fundarritari)

### Efni fundarins

Haldinn hafa verið þrjú undirbúningsfundir fyrir þennan rýnifund. Í júní 2020 var fundur innanhús með sérfræðingum stofnunarinnar þar sem lagt var á ráðin með fyrirkomulag og vinnu sem þyrfti að gera. Þann 3. September var haldinn innanhúsfundur á stofnuninni um framgang og niðurstöður vinnunnar. Loks var haldinn fundur 14. október með sérfræðingum stofnunarinnar sem hafa komið að vinnunni og hagsmunaðilum. Var þar farið yfir stofnmatsvinnu Hafró og mögulegar ráðgjafareglur og hagsmunaðilum veitt tækifæri á að koma á framfæri með upplýsingar og niðurstöður, sem og að skiptast á skoðunum.

Á rýnifundinum 24. nóvember var ekki kynnt neitt nýtt efni. Farið var yfir vinnuna sem hefur verið gerð og skipst á skoðunum með ráðgjafareglu sem bæri að nota í kjölfar þessarar vinnu. Megin tilgangurinn með þessum rýnifundi er að skoða forsendur stofnmatsins (kynnt ítarlega 14. október) og ákveða nýja ráðgjafareglu. Eftirfarandi þættir (1-5) voru ákveðnir sem hluti af rýnifundarferlinu:

1. Ákveðið var að styðjast áfram við vísitölu úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) sem grunn að ráðgjöf -líkt og áður.
2. Ákveðið var að miða áfram við vísitölu SMB fyrra árs (30% vægi) á móti nýrri mælingu (70% vægi) við útreikning ráðlagðs hámarksaflla. Þetta er gert til að taka tillit til óvissu í

mælingunum en þannig að afli hvers árs taki meira mið af stofnstærð sama árs frekar en ársins á undan.

3. Þá var rætt hvaða  $F_{\text{proxy}}$  bæri að miða við. Tveir möguleikar voru einkum nefndir: (a) Miða við meðaltals veiðihlutfall síðan að aflagögn urðu áreiðanleg, eða tímabilið 2008-2020 sem gaf  $F_{\text{proxy}}=0.81$ . (b) Miða við  $F_{\text{proxy}}=0.75$  þar sem það viðmið hefur verið notað allt frá árinu 2012 og virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á þróun stofnstærðar. Samþykkt var að velja kost (b).
4. Til að minnka sveiflur milli ára í ráðgjöf og afla var ákveðið að skorða þær breytingar („catch constrain cap“) og miða mörkin við 1.25 og 0.8 til að vera samhverft. Það þýðir að ráðgjöf geti ekki lækkað meira en um 20% eða hækkað meira en 25% milli ára.
5. Rætt var um mikilvægi þess að skilgreina varúðarmörk fyrir stofninn. Í núverandi aflareglu segir „Ef grásleppuvísitala SMB fer undir lægsta gildi stofnmælingarinnarverður hvorki gefið út viðbótarafلامark það ár né upphafsafلامark það næsta“. Lagt er til að skilgreina gildi sem  $B_{\text{lim}}=3.85$ , sem er í takt við almenn viðmið hjá stofnuninni og ICES. Þá var ákveðið að skilgreina varúðarmörk,  $B_{\text{trigger}}$ , sem mörk sem ber að forðast og þar sem ber að lækka veiðihlutfall. Innan ICES eru þessi mörk ákvörðuð á eftirfarandi hátt:  $B_{\text{trigger}}=1.4 \times B_{\text{lim}}=1.4 \times 3.85=5.4$ . Ef útkoma úr þætti 2 að ofan (30 vs. 70% vægi) er undir 5.4 þá ber að draga úr veiðihlutfall línulega niður í núll við  $B_{\text{lim}}$ . Forsendur ákvörðunar á  $B_{\text{trigger}}$  verða gefnar í skýrslu frá þessari vinnu.
6. Árangur og forsendur þessarar ráðgjafarreglu ber að endurmeta eftir 5 ár.

Stefnt er að því að skrifa skýrslu um þessa vinnu alla og hafa fyrstu útgáfu tilbúna í desember 2020, og að hún verði kláruð fyrir miðjan janúar 2021. Í kjölfarið verður nýja ráðgjafarreglan kynnt fyrir stjórnvöldum og hagsmunaaðilum.

## Ákvarðanir teknar að loknum fundi

Nokkrum vikum eftir að rýnifundinum lauk fóru fram umræður milli þátttakenda í hópnum og þar var ákveðið að gera breytingar á því sem var ákveðið á rýnifundinum, og eru þær breytingar eftirfarandi:

**Sleppa því að hafa þátt númer 4 að ofan (catch constrain) í ráðgjafarreglunni** sem var sett inn sem sveiflujöfnun. Ástæðurnar eru nokkrar: (i) Í aflareglunni hefur vísitala SMB frá árinu á undan 30% vægi á móti 70% vægi vísitölu ráðgjafarársins og er það nokkurskonar sveiflujöfnun; (ii) Stór hluti veiðinnar á hverju ári er frá einum árgangi (~70%) og er vafasamt að vera mikla innbyggða sveiflujöfnun við slíkar kringumstæður þar sem munur milli ára á vísitölum getur verið vegna mun á árgangastyrk; (iii). Það var talinn fengur í því að hafa aflaregluna eins einfalda og unnt er, og þetta er liður í því.



# **HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna